

SAMNINGUR UM SAMEÍNINGU HOFSSÓKNAR OG HOFSSÓSSÓKNAR.

Sóknarnefndir Hofssóknar og Hofssóssóknar gera með sér svohljóðandi samning um sameiningu sóknanna með fyrirvara um samþykki aðalsafnaðarfunda hvorrar sóknar um sig vorið 2022, samþykki héraðsfundar Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmis 6. júní 2022 og samþykki kirkjupings haustið 2022.

1. Hofssókn og Hofssóssókn sameinast 30. nóvember 2022.
Heiti sóknarinnar verður Hofssóssókn.
2. Hofssóssókn verður sóknarkirkja safnaðarins.
3. Hofskirkja verður ekki lengur sóknarkirkja. Velvilji er frá eiganda Hofskirkju, Lilju Pálmadóttur, að athafnir fari áfram fram í kirkjunni og yrði það í samráði við hana. Í samningi sem gerður hefur verið við eiganda kirkjunnar kemur fram að gripir Hofskirkju eru undanþegnir kaupum. Þeir, sem og önnur áhöld og skróði, verða áfram í notkun við helgihald og athafnir. Gripir kirkjunnar eru nú í vörslu sóknarprestisins, sr. Höllu Rutar Stefánsdóttur.
4. Kirkjuleg þjónusta verður með líku móti sem fyrr; börn úr báðum sóknum hafa sótt sunnudagaskóla, TTT og fermingarfræðslu á Hofssósi og verður svo áfram. Öll almenn prestsþjónusta, sálgæsla, húsvitjanir og annað verður óbreytt.
5. Íbúatala nýrrar sóknar er m.v. tölur 31. desember 2020 220 manns og þjóðkirkjufólk er, miðað við sama tíma, 191 að tölu. Samkvæmt innri samþykktum þjóðkirkjunnar ber að messa átta sinnum á ári, hið minnsta, auk hátíða, í sókn af þessari stærð.
6. Við sameiningu sóknanna sameinast sjóðir beggja kirkna, eignir og skuldir.
7. Við gildistöku sameiningar 30. nóvember 2022, verður kosin þriggja manna sóknarnefnd, sem starfar fram að aðalsafnaðarfund hinnar nýju sóknar 2023. Þá verður kosið að nýju, til þess að kosningar komist á rétt ról, meirihluti sóknarnefndar (2) til fjögurra ára og minnihluti (1) til tveggja ára.

Kristín Bjarnadóttir

Kristín Bjarnadóttir,
formaður Hofssóssóknar.

Rúnar Páll D. Hreinsson

Rúnar Páll Hreinsson,
formaður Hofssóknar.